

EINAR G. PÉTURSSON

AKRABÓK

*Handrit að Eddum með hendi Árna Böðvarssonar á Ökrum
og hugleiðingar um handritarannsóknir á Eddunum*

INNGANGUR

Í APRÍL vorið 2003 fékk ég í hendur bréf sem Árnastofnun hafði borist úr Ísrael. Bréfinu fylgdu myndir af titilblaði og fáeinum síðum úr handriti. Var leitað eftir vitneskju um efni þess og gildi. Á titilblaði handritsins stóð að það væri með hendi Árna Böðvarssonar á Ökrum á Mýrum, sem var afkastamikið rímnaskáld á 18. öld. Innihaldið reyndist vera *Snorra-Edda* í gerð frá 17. öld, nokkur Eddukvæði, kveðskapur þeim skyldur og ýmislegt fleira. Eigandanum, Erán Reiss að nafni, var bókin í fyrstu ekki útbær, en leitaði eftir skiptum á henni og handritum með gyðinglegu efni, sem eðlilega á best heima í Ísrael. Slíkt er ekki til hérlandis því að Ísland er eitt meðal fárra landa, þar sem Gyðingar hafa engum rótum skotið. Eftir nokkur bréfaskipti og við nánari íhugun og skoðun málsins komst eigandinn að þeirri ágætu niðurstöðu að íslenskt handrit væri líka best komið á Íslandi. Ísraelskur fræðimaður, sem stundum hefur dvalið hér á Árnastofnun, Itamar Even-Zohar að nafni, skoðaði handritið og var það síðan keypt fyrir tilstyrk Arnar Arnars læknis. Reyndist hann sem oft áður stofnuninni haukur í horni og er honum hér með þakkaður þessi rausnarlegi styrkur. Velvilji manna eins og hans er stofnuninni ómetanlegur og reyndar allri menningarstarfsemi hérlandis sem annars staðar. Handritið hefur ekki enn fengið númer.

Hér verður gerð grein fyrir sérstæðum ferli handritsins. Síðan verður greint frá Árna Böðvarssyni, skrifara þess, og helstu ritverkum hans, og þar á eftir nokkuð sagt frá innihaldi handritsins og efni. Að lokum verður getið aðeins um forrit Edduefnis í handritinu og óleyst verkefni um varðveislu þeirra kvæða, sem oft fylgja Eddukvæðasafninu.

FERILL

Akrabók (hér eftir = *Ak*) kom úr Ísrael. Ekki eru önnur dæmi kunn um að íslenskt handrit hafi borist til Asíulanda. Austast var vitað um handrit *Sturlungu* í Pétursborg í Rússlandi með hendi þekkts skrifara frá 18. öld, Péturs Jónssonar í Svefneyjum.¹ Þess vegna er eðlilegt að spurt sé um ferilinn, hvernig og hvaðan barst handritið alla þessa leið? Eins og fyrr sagði var handritið skrifað vestur á landi og á því eru ártölin 1743 og 1748. Sem betur fór settu eigendur þess nafn sitt á það síðar og þar af leiðandi er nokkur meginatriði þekkt um feril þess, þótt ekki sé eigendasagan öll kunn.

Á 76v stendur: „þessa Bók á eg undir skrifadur með Ríettu og hún er mer heimilud af hennar Ríettum Eiganda Mr Jóni Sigurðs Syni Haurduboli þann 12 Júnj 1832 Testerar JGrímsson.“ Á Hörðubóli í Miðdölum í Dalasýslu bjó á árunum 1830–34 Jón Grímsson (1804–1870), en árið 1835 fluttist Jón út á Hellissand og bjó þar til æviloka.² Árið 1909 hlotnaðist honum sá heiður, að á prenti birtust eftir hann rímur af *Stývarði og Gný*. Jóni eru eignaðar fleiri rímur, en þær hafa ekki komið fram.³ Í Landsbókasafni eru ljóðabréf eftir hann í eftirtöldum handritum: Lbs 682 4to; Lbs 2133 4to; Lbs 2134 4to; Lbs 2291 4to; Lbs 2593 4to; Lbs 1403 8vo; Lbs 1405 8vo; Lbs 1855 8vo; Lbs 1883 8vo; Lbs 2138 8vo; Lbs 3344 8vo; ÍB 29 8vo; ÍB 979 8vo. Líklegt er að Jón Grímsson hafi ort fleira en ljóðabréf og rímur, þótt það sé ekki kunnugt nú. Þótt nafnið Jón Sigurðsson sé mjög algengt er samt næstum víst, að hér sé átt mann með því nafni, sem bjó árin 1832–33 í Blönduhlíð í Hörðudal í næsta nágrenni við Hörðuból.⁴ Jón var ættaður úr Mýrasýslu og bjó þar síðar á ýmsum stöðum lengst af í Tandraseli í Borgarhreppi. Hann var hreppstjóri í sinni sveit og þingmaður Mýrasýslu 1851–1861. Hann var skáldmæltur og orti rímur.⁵ Fellur allt vel saman, Jón Sigurðsson er úr nágrenni Árna Böðvarssonar, býr um tíma skammt frá Jóni Grímssyni, var skáldmæltur og hafði því sannanlega áhuga á innihaldi handritsins. Á bl. 1v má lesa Melbúð 1837 og er

¹ *Árna saga biskups*. Þorleifur Hauksson bjó til prentunar. Rv. 1972. s. 1–li.

² Jón Guðnason. *Dalamenn*. I. Rv. 1961. s. 107.

³ Finnur Sigmundsson. *Rímnatal*. II. Rv. 1966. s. 80–81. Þess má geta hér að þessar rímur eru ortar út af ensku ævintýri, sem þýtt var á íslensku á 15. öld. Sex sinnum voru ortar rímur út af sögunni og eru rímur Jóns Grímssonar þær einu, sem prentaðar hafa verið, sjá *Miðaldaævintýri þýdd úr ensku*. Einar G. Pétursson bjó til prentunar. Rv. 1976. s. x–xi.

⁴ Jón Guðnason. *Dalamenn*. I. Rv. 1961. s. 43–44.

⁵ Finnur Sigmundsson. *Rímnatal*. II. Rv. 1966. s. 95; Páll Eggert Ólason. *Íslenzkar æviskrár*. III. Rv. 1950. s. 266.

hér líklegast átt við Melabúð í Breiðuvíkurbreppi. Ekkert er neitt vitað hvað varð um handritið eftir að Jón Grímsson dó.

Á aftasta blað handritsins er skrifað með blýanti: „SSölvason frá Löngumyri gefr Daniel Kristjánss þessa bók 1898“. Leit að þessum mönnum í kirkjubókum í Þjóðskjalasafni bar ekki árangur, svo að leitað var til Unnars Ingvarssonar á Héraðsskjalasafni Skagfirðinga. Frá honum barst eftirfarandi í tölvupósti 8. okt. 2003:

S. Sölvason sem þú spurðir um er nær örugglega Sölvi Sölvason f. um 1829 á Syðri-Löngumýri í Húnavatnssýslu og bóndi þar. Sölvi fluttist til Vesturheims um 1876 að mig minnir ásamt dætrum sínum þremur en Helga Sölvadóttir varð eftir á Íslandi og á hér afkomendur. Hennar sonur var Gísli Ólafsson skáld frá Eiríksstöðum. Sölvi dó 17. maí 1903 í Ballard í Washingtonfylki. Sölvi var þekktur hagyrðingur og er talsvert varðveitt af skrifum hans. Önnur dóttir hans var Ólöf Sölvadóttir sú fræga manneskja.

Af þessum orðum er ljóst, að handritið hefur borist vestur um haf. Í *Vesturfaraskrá* stendur, að Sölvi Sölvason hafi farið vestur ásamt þremur dætrum sínum og þar á meðal Ólöfu 1876.⁶ Vísað er til heimilda um Sölva Sölvason í *Ættum Húnvetninga*.⁷ Um Ólöfu Sölvadóttur skrifaði Sigurður Nordal prófessor kunnan þátt, en hún var dvergvaxin og flutti fyrirlestra þar sem hún sagðist vera eskimói. Nýlega hefur verið skrifuð bók um Ólöfu og er þar sagt frá Sölva föður hennar. Ekki finnst þess getið þar eða annars staðar, að hann hafi verið bókamaður, en aftur á móti er hann sagður lítill búmaður, vel hagamæltur og skemmtinn.⁸ Ak hefur hann þó sannanlega átt, þótt ekki sé vitað hvenær hann eignaðist handritið.

Í *Vesturfaraskrá* er aðeins einn maður með nafninu Daníel Kristjánsson og fór hann vestur 1886 og er þá sagður 37 ára.⁹ Hann er því örugglega sá Daníel Kristjánsson, sem nefndur er í bókinni *Eyja- og Miklaholtshreppur* og sagður fæddur 5. júlí 1850 í Ytra-Skógarnesi, stundað smíðar í Winnipeg, en búíð

⁶ Júníus H. Kristinsson. *Vesturfaraskrá 1870–1914*. Rv. 1983. s. 234.

⁷ Guðmundur Sigurður Jóhannsson, Magnús Björnsson. *Ættir Austur-Húnvetninga*. 4. bindi. Rv. 1999. s. 1314.

⁸ Inga Dóra Björnsdóttir. *Ólöf eskimói*. Ævisaga íslensks dvergs í Vesturheimi. Rv. 2004. s. 30, 40.

⁹ Júníus H. Kristinsson. *Vesturfaraskrá 1870–1914*. Rv. 1983. s. 355.

síðar í Blaine í Washingtonríki.¹⁰ Fyrirnefndur Sauðkrækingur benti mér á, að Nelson Gerrard í Kanada myndi e. t. v. vita meir um Daníel og sagði hann mér í bréfi 22. nóv. 2003 af grein um hann. Þar stendur að Daníel hafi verið fæddur 1848, þ. e. tveimur árum fyrir en að framan gat, „að Ytra-Skógarnesi í Hnappadalssýslu“. Hlýtur hér að vera um sama mann að ræða, þótt tveimur árum skeiki um fæðingarárið. Menn voru ekki alltaf svo nákvæmir um slíkt á fyrri tímum. Um feril Daníels segir orðrétt í greininni:

... eitthvað var hann í Winnipeg. Vestur að hafi til Seattle fór hann 1892. Var þar næstu ár. Þaðan flutti hann til Marietta, Wash. og var þar rúm 5 ár. En til Blaine 1907. Keypti nokkrar ekrur sunnan við Blaine og bygði sér þar laglegt heimili. Og þar lézt hann 1923. Daníel var að ýmsu leyti mjög merkur maður, þrýðilega greindur og las mikið og vel.¹¹

Af þessu eru ljósir megindrættirnir í sögu handritsins. Það var skrifað rétt fyrir miðja 18. öld vestur á Mýrum, þaðan fer það upp úr 1830 í Miðdali í Dölum og síðar út á Hellissand eða á utanvert Snæfellsnes. Næst er vitað um það á vesturströnd Bandaríkjanna í lok 19. aldar, en ekki er vitað hvaðan af Íslandi það barst né hvernig það fór til Ísrael. Ósvarað er þeirri spurningu, sem væri mjög gaman að fá svar við, hvort það hafi farið yfir Kyrrahafið og þar af leiðandi alla leið kringum hnöttinn.

Það eru ekki tíðindi að mikið af handritum og bókum hafi farið úr landi með Vesturförum. Haft hefur verið á orði, að bókakistur landnemanna hefðu verið fyrirferðarmesta eign sumra og þar hefði margt fágætt handrit flotið með. Árið 1930 skrifaði Halldór Hermannsson grein í *Almanak Ólafs Thor­geirssonar* og bað landa sína vestra að skoða vel gamlar bækur, því að mögulegt væri að þar gætu leynst prentaðar bækur íslenskar úr prentsmiðju Guðbrands biskups Þorlákssonar eða jafnvel eldri.¹² Einnig eru mörg dæmi um að í handritum að vestan hafi borist gamlir textar, ella ókunnir á Íslandi.

Ak er nú komin til Íslands úr Ísrael eftir viðdvöl í Vesturheimi og vekur vonir að fleiri handrit eigi enn eftir að koma í leitirnar þar og víðar.

¹⁰ *Eyja- og Miklaholtshreppur*. Ábúendur og saga Eyja- og Miklaholtshrepps frá 1900. Ritstjóri Þorsteinn Jónsson. Rv. 2000. s. 203.

¹¹ Margrét J. Benedictsson. “Safn til landnámssögu Íslendinga í Vesturheimi. Íslendingar á Kyrrahafsströndinni.” *Almanak Ólafs Thor­geirssonar*. 34 (1928). s. 88–89.

¹² Halldór Hermannsson. “Prentsmiðja Jóns Matthíassonar.” *Almanak Ólafs Thor­geirssonar*. 36 (1930). s. 37.

ÆVI SKRIFARANS OG KVÆÐAGERÐ

Um Árna Böðvarsson eru miklar heimildir kunnar. Viðamikil og nákvæm rannsókn á ævi hans og skáldskap eftir frumheimildum var gerð af Birni Karel Þórólfsyni og birtist hún í inngangi að útgáfu *Brávallarímna* eftir Árna á vegum Rímnafélagsins árið 1965. Einnig skrifaði Björn langa grein í *Andvara* 1963, „Árni Böðvarsson skáld“, í minningu þess að liðin voru 250 ár frá fæðingu hans. Greinina byggði Björn á rannsóknnum sínum til undirbúnings útgáfu rímnanna, þótt sumt sé þar eðlilega öðruvísi en í innganginum.

Sagt er, að eftir að Björn hafi unnið mörg ár að útgáfunni hafi hann komið niður á handritadeild Landsbókasafnsins í gamla Safnahúsinu við Hverfisgötu og hitt að máli Lárus H. Blöndal bókavörð og sagt: „Nú er komið að miklum tímamótum í mínu verki.“ „Nú, ertu búinn með rímurnar?“ spurði Lárus. „Nei, ég er kominn að rímunum“, svaraði Björn. Þetta samtal segir margt um tilhöggun útgáfunnar, því að þar er miklu meira sagt frá höfundinum og öðrum ritstörfum hans en rímunum einum heldur en annars er venja í útgáfum Rímnafélagsins. Fyrir vikið er kveðskapur Árna Böðvarssonar betur rannsakaður en flestra skálda frá svipuðum tímum, og væri gott fyrir yfirsýn um andlega iðju hérlandis, ef verk fleiri skálda fyrri alda hefðu verið rannsökuð jafnnákvæmlega og skáldskapur Árna. Helst skortir innganginn, að þar vantar efnisyfirlit og registur, og þá ekki síst yfir þau mörgu handrit, sem vitnað er til. Brýn nauðsyn er á að gera nákvæma handritaskrá yfir þennan merka inngang.

Árni Böðvarsson var fæddur á Slítandastöðum í Staðarsveit á Snæfellsnesi árið 1713. Faðir hans var Böðvar Pálsson, sonur Páls Ketilssonar prests Jörundssonar í Hvammi í Döllum. Séra Ketill í Hvammi var móðurafi Árna Magnússonar handritasafnara. Árni Magnússon og Árni Böðvarsson voru því af öðrum og þriðja að skyldleika.

Böðvar faðir Árna var skólagenginn, þótt aldrei yrði hann prestur. Árni Böðvarsson varð stúdent úr Hólaskóla, sennilega árið 1732, en varð aldrei prestur.¹³

Árni var tvígiftur en börn hans lifðu hann ekki. Fyrri konan hét Helga Sigurðardóttir, en ekki stóð það hjónaband lengi. Árið 1743 var Árni dæmdur hórsekur, en árið áður hafði hann eignast (s. xv): „barn fram hjá með gíftri

¹³ Árni Böðvarsson. *Brávallarímur*. Björn Karel Þórólfsson bjó til prentunar. Rv. 1965. s. xi–xii (Rit Rímnafélagsins. VIII.) (Hér eftir verður í meginmáli vitnað til inngangsins með rómverskum síðutölum). Sjá einnig: Jonna Louis-Jensen. „Af láni og óláni.“ *Con amore. En artikel-samling udgivet på 70-årsdagen den 21. oktober 2006*. Kbh. 2006. s. 105–106.

konu“. Fyrir vikið varð Árni að skilja við eiginkonu sína og við þetta brot missti hann rétt til prestskapar. Líklegast um 1748 (s. xvi–xxviii) var Árni Böðvarsson farinn að búa á Ökrum á Mýrum og um það leyti kvæntist hann seinni konu sinni, Ingveldi Gísladóttur. Þar bjuggu þau til dauða Árna 1776, en Ingveldur lést 1782. Árni erfði nokkurt fé eftir föður sinn, en efni gengu mjög af honum og þar við bættist að hann var heilsuveill og holdsveikur seinustu æviárin.

Um rímnakveðskap Árna sagði Björn Karel (s. cxxiii):

Árni Böðvarsson er afkastamesta rímnaskáld átjándu aldar. Meðal eldri rímnaskálda er ekki vitað um neinn afkastameiri nema Guðmund Bergþórsson, sem hlýtur að teljast til seytjándu aldar skálda, þó að hann lifði fram á fimmta ár þeirrar átjándu.

Árna hlotnaðist sá heiður fyrstum rímnaskálda að fá eftir sig prentaðar í lif-anda lífi veraldlegar rímur í sérstakri bók. Ólafur Ólafsson, sem þekktur er undir nafninu Olavius, lét árið 1771 prenta í Kaupmannahöfn: „Rímur af Þorsteini Uxa-fæti qvednar af Arna Bødvarssyni en utgefna Med stuttri þyding velflestra Eddu-kenninga og heita, er i þeim brukaz af Olafi Olafssyni og prentadar eptir Skælldsins Eigin-riti“. Árið áður en Árni dó, eða 1775, voru í Hrappsey prentaðar rímur af *Úlfari sterka*, sem hann hafði lokið við, en fyrra hluta þeirra hafði ort Þorlákur Guðbrandsson. Það sýnir vinsældir þeirra að þær voru endurprentaðar 1834 og 3. útgáfa kom 1906. Tveimur árum seinna 1777, eða árið eftir að Árni Böðvarsson dó, voru í Hrappsey prentaðir tveir rímnaflokkar eftir hann. Þeir voru rímur af *Agnari kóngi Hróarssyni* og er sagan ekki þekkt, sem þær voru ortar út af. Hinar voru af *Ingvari víðförla*, en þær voru kveðnar eftir prentaðri útgáfu sögunnar, sem kom í Svíþjóð 1762. Rímur Árna, sem hér voru nefndar, eru einhverjar sjaldgæfustu bækur frá 18. öld og er trúlega auðveldara að komast yfir *Guðbrandsbiblíu* heldur en þessar rímur, sem sýnir að þær voru lesnar eða réttara sagt kveðnar upp til agna.

Varðveittur kveðskapur eftir Árna er mikill að vöxtum og er gott yfirlit um hann í inngangi Björns Karels. Ekki er Árni þó mjög kunnur nútímamönnum af kveðskap sínum. Þekktasta kvæði sem honum hefur verið eignað er *Skipafregn* og sagði Björn Karel um það (s. xxxi–xxxii): „er eitthvert bezta kvæði 18. aldar og ýkjulaust má telja með því bezta, sem ort var hér á landi frá siðaskiptum þangað til hið mikla blómaskeið íslenzkrar ljóðlistar hefst á öndverðri 19. öld.“ Björn gat þess að *Skipafregn* hefði verið prentuð tíu sinnum og rannsakaði heimildir um feðrun þess. Niðurstaðan var (s. xxxvi) að elstu heimildir eignuðu kvæðið Gunnlaugi Snorrasyni presti á Helgafelli í upphafi 18. aldar.

Kvæðið er enn svo vinsælt að tónlistarmenn gáfu það út á disk 1993 og 1998, en niðurstaða Björns Karels hefur þó ekki orðið til þess að menn hafi hætt að telja Árna Böðvarsson höfund. Er þetta eitt af of mörgum dæmum um að störf fræðimanna verða um of eintal, sem nær of oft til of fárra.

Verður nú hér getið stuttlega helsta kveðskapar Árna Böðvarssonar. Eftir Árna liggur mikið af andlegum kveðskap, en af þeim kveðskap er aðeins Lilju-stælingin *Skjöldur* prentaður í Hrapsey 1783 aftan við kvæði Jóns Þorláks-sonar.

Nokkuð er til af tækifæriskvæðum, minningarljóðum og brúðkaupskvæðum eftir Árna. Form brúðkaupskvæða notaði Árni einnig í níðkvæðum, sem hann orti nokkuð af, en meðal annarra varð Halldór Brynjólfsson Hólabiskup (s. xlviii): „harkalega fyrir barðinu á Árna Böðvarssyni.“ Mikil kvæðadeila (s. li): „reis af synjunareiði Jóns sýslumanns Árnasonar fyrir barn, sem honum var kennt.“ Var af þeim sökum ort gegn sýslumanni kvæðið *Greifaríma* og leyndi höfundur hennar nafni sínu. Árni var mikill vinur sýslumanns og orti langt kvæði gegn *Greifarímu*, sem hann nefndi *Arinseld* og hljóðar svo 23. erindið (s. lviii):

Kem eg þar varla orðum að
anza fanti slíkum,
sem þá skömm úr kjafti kvað,
kauða Vítis líkum.

Ekki hafa stóru orðin verið spöruð og Árni gat verið stórorður við fleiri. Gísli Konráðsson sagði, að hann hefði kveðið við aðra hvora konu sínu þessa vísu (s. lxxi):

Eins og fjandinn alstaðar,
ullin slæðist niður,
flækir band og fordjarfar,
fáðu hl ... í nasirnar.¹⁴

¹⁴ Því er vísunnar getið hér að seinna hlutann: „flækir band og fordjarfar, fær svo hland í nasirnar“, lærði ég í æsku, en ekki fylgdi nein saga, hvað þá að getið væri höfundar. Aldrei heyrði ég fyrra hluta vísunnar. Böðvar Guðmundsson kunnir þessa vísu alla og hljóðar hún þá svo:

Eins og fjandinn alls staðar
útsendur að skemma.
Flækir band og fordjarfar,
fær svo hland í nasirnar.

Af þessu er hægt að draga þá ályktun, að vísan hafi verið þekkt, a. m. k. seinni parturinn, sem er betri hluti hennar. Hér er dæmi um hve vísupartar geta lifað lengi sjálfstæðir.

Árni kvað ljóðabréf til vina sinna eins og þá var tíska, og einnig orti hann nokkuð af mansvísum. Loks skal hér nefnt að Árni orti um bújörð sína (s. cxvii–cxviii), Akra á Mýrum. Ekki er ástæða til að fjalla frekar um tækifæris-skáldskap Árna, heldur skal vísa í rannsóknir Björns Karels og handrit sem þar er vitnað til.

Hér er aftur á móti rétt að geta nokkuð um þann kveðskap Árna (s. xcix): „þar sem aðalefnið er sótt í sögur eða önnur forn fræði“. Þau efni eru skyldust handritinu, sem hér er til umfjöllunar. Rétt er einnig að nefna, að síðan *Brávallarímur* voru gefnar út, hefur texti *Rútukvæðis* eftir Árna verið finnst út.¹⁵

Í athugun sinni ræddi Björn oft um heimildir að ýmsum atriðum í kvæðum Árna, en eðlilega þekkti Björn ekki *Ak*. Hún breytir nokkru hugmyndum um heimildir að kveðskap Árna. Hægt hefði orðið að leiðrétta nokkurn misskilning hjá Birni Karel þar sem hann þekkti ekki þetta handrit og virðist stundum hafa miklað fyrir sér útbreiðslu og notkun prentaðra bóka. Hér má taka sem dæmi *Völsungsrímur*, sem Árni orti 1758, þ. e. eftir að hann skrifaði *Ak*. Í rím-unum er notaður texti *Helreiðar Brynhildar*, sem er betri heldur en þá var á prenti í Skálholtsútgáfu *Ólafs sögu Tryggvasonar* og *Kämpadater* Biörners frá 1737. Í framhaldi hér af sagði Björn (s. cxxxix):

Hann [þ. e. Árni] hlýtur því að hafa haft hana í handriti, sem farið hefur nær konungsbók Sæmundar Eddu en hinir prentuðu textar *Helreiðar*. Hann endurkveður hana þannig, að hann steypir saman texta Skálholtsútgáfunnar og þessa handrits síns, sem nú er glatað.

Telja má næstum fullvíst, að Árni Böðvarsson hafi notað *Ak* og hér hafi Björn Karel rangt fyrir sér.

Við skulum íhuga: Hvað hafði Árni Böðvarsson í huga þegar hann skrifaði handritið? Hann var rímnaskáld og þurfti og vildi þekkja vel heiti og kenningar. Um skáldamál hans sagði Björn Karel (s. ccxvi):

Rímur Árna Böðvarssonar bera ljóst vitni meiri þekkingar á skáldskaparmáli en algengt var um rímnaskáld á 18. öld, þó að sitthvað sé hjá honum aflagað og rangt. Auðséð er, að Árni hefur notað *Resens* Eddu. ... Eftir þeirri bók hefur Árni tekið rangar myndir heita, ... og fleiri villur. Þó sér hann stundum við villum hennar og fer rétt með sumt, sem í henni hefur misprentast.

¹⁵ Árni Böðvarsson. „Rútukvæði. Birt hefur Sverrir Tómasson.“ *Gripla*. 11 (2000). s. 199–208, sbr. 26. nmgr.

INNIHALD AKRABÓKAR

Fremst er titilblað, bl. 1r, og þar stendur: „EDDA Sæmundar Prestz Hins Frooda Nu Ad Nýu Skrifud Af Arna Bødvars s: Anno 1743.“ Á bl. 2r stendur: „EDDA ISLENDINGA Samannskrifud Af Spakvitrum Islands Frædemeistara SNORRA STURLÆ Syne Med miög Ágiætum Formæla GUDMUNDAR ANDRES Sonar Nu ad niju Skrifud af Arna Bódvars Syne Anno 1743.“ Hér er leturgerð ekki eins skrautleg og á 1r.

Á þessum tíma var aðeins til útgáfa á *Snorra-Eddu*, sem vanalega er kennd við danska biskupinn Peter Resen, *Resens-Edda*, og kom út í Kaupmannahöfn 1665 með texta á íslensku, dönsku og latínu.¹⁶ Gylfaginning er þar bútuð niður í dæmisögur og heitum og kenningum raðað í stafrófsröð. Höfundur þessarar gerðar, ef tala á um höfund, var Magnús Ólafsson í Laufási og var þetta gert að beiðni Arngríms Jónssonar lærða veturinn 1608–1609. Þetta er eina ritið um íslensk efni, sem Arngrímur lærði stóð fyrir og var beinlínis ætlað íslenskum lesendum.¹⁷ Edda Magnúsar er til í tveimur gerðum frá hendi hans. Anthony Faulkes gaf þær báðar út með löngum inngangi 1979 og nefndi X og Y. Af síðarnefndu gerðinni eru einkum tvö handrit, Y¹, þ. e. GKS 2368 4to og Y², þ. e. AM 743 4to, og vanalega fylgdi Árni Böðvarsson í *Ak* Y² og verða hér á eftir færð rök fyrir því. Frá hendi Magnúsar er einnig til latnesk gerð, sett saman veturinn 1628–1629, sem hann sendi Þorláki biskupi Skúlasyni, sem sendi hana síðan danska lækninum Ole Worm. Fyrirnefnd latnesk þýðing *Snorra-Eddu* ásamt Eddu-gerð Magnúsar varð ásamt danskri þýðingu undirstaða útgáfu *RE*. Útgáfan var lærð á sinnar tíðar vísu með löngum formála á latínu. Björn Karel taldi víst (s. c), að Árni hefði notað þá gerð, en ljóst er nú að hann hefur einnig haft handrit af *Eddu Magnúsar*.

Nú verður aftur vikið að *Ak*. Framan við *Snorra-Eddu* sjálfa er, bl. 3r–v: „Formále yfer Snorra Eddu samsettur af Gudmunde Andres Syne“. Aftan við hann, bl. 3v–11v, er annar formáli Eddu mun lengri en sá fyrri og hefur fyrir-sögnina: „Annar Partur Formálans“. Undir lokin segir að formálinn sé „ný-

¹⁶ *Resens-Edda*. Edda. Islandorum An Chr. M. CC. XV Islandice. Conscripta per Snorronem. Sturlæ Islandiæ. Nomophylacem nunc. primum Islandice. Danice. et. Latine ex. Antiquis. Codicibus. M. SS ... in. lucem. prodit opera. et. studio Petri. Johannis. Resenii. ... Havniæ M. DC. LX. V. (Hér eftir = *RE*.) Ljósprent þessarar bókar kom út á vegum Árnastofnunar. Printed in facsimile with introduction by Anthony Faulkes. Rv. 1977 (Two versions of Snorra Edda from the 17th century. II.) Þegar vitnað er sérstaklega í orð Faulkes er sett Introduction.

¹⁷ Arngrímur Jónsson. *Opera latine conscripta*. Edidit Jakob Benediktsson. Vol. IV. Introduction and notes. Kbh. 1957. s. 77–78.

gjörvur“. Faulkes ræddi þessa formála í inngangi sínum að Eddu Magnúsar og kallaði „Preface I“ og „Preface II“. Annað er mér ekki kunnugt að hafi um þá verið fjallað sérstaklega eða handrit þeirra rannsökuð.¹⁸

Á bl. 12r stendur efst: „EDDA ISLANDORUM ANNO CHRISTI M.CC. XV Primum conscripta per Snorronem Sturlæ Filium Nomophylacem“. Þetta er greinilega stytur titill á *RE*. Neðan við titilinn á bl. 12r stendur: „Hvad Edda Sie“, þ. e. formáli Eddu Magnúsar Ólafssonar¹⁹ og á eftir, bl. 12r–17r, „Almattugur Gud skapade i Upphæfe himen og jørd, ...“ þ. e. formáli Eddu eftir *Y*².²⁰ Í formálanum, línu 177–178 í útgáfunni, bl. 16v í *Ak*, stendur: „Vegdog Austur Saxlande, Begdeg Vestfal, Sigia Fracklande“ Faulkes segir nm. um þennan póst: „*added in the margin, with figures above the names of the three sons corresponding to those above* sönnum sínum *Y*².“ Klausan er innan *:* og með breyttu letri í *Ak*, sem bendir til skyldleika við *Y*².

Á bl. 17r–47r eru 1.–67. dæmisaga Eddu og er textinn eftir *Y*², sem dæmi um það má nefna, að í 62. dæmisögu eru í *Y*² fjórar spássúgreinar; eru tvær þeirra, í línu 4 og 27, einnig á spássíum í *Ak*; ein, í línu 7, er innan [] í meginmáli. Þetta sannar vel skyldleika við *Y*². Mörg fleiri dæmi eru um skyldleika *Ak* við *Y*², en ekki er ástæða til að rekja það nánar. Stundum er vitnað í latneska textann í *RE* og íslenska textann þar og má sem dæmi nefna, að í 25. dæmisögu er á spássú í *Ak* vísa á íslensku, sem er neðanmáls í *RE*. Sums staðar eru latnesk orð sett á milli lína eftir *RE*, t. d. í 34. sögu eru latnesk nöfn úlfanna sett á milli lína og í 35. sögu er sama latneska þýðingin á nafni geitarinnar Heiðrúnar. Þetta sýnir að skrifari hefur einnig haft *RE* hjá sér.

Seinasti hlutinn af Eddu í *Ak*, bl. 47r–51v, þ. e. 68.–78. dæmisaga, er ekki í upphaflegum texta *EMÓ*, en var aukið inn í *RE* við prentunina. Textinn í *Ak* sýnist helst vera uppskrift úr *RE*. Þeir leshættir sem Faulkes setur sem sérlega fyrir þessar sögur eru allir í *Ak*, nema einn, 129.30, en þar er textinn í *Ak* sérstakur.²¹ Aftan við 78. dæmisögu, bl. 51v–52r, stendur „Þesse vijsa er ein af þeim er þar um ero ortar.“ Vísan er úr niðurlagi *Y*² og prentuð í útgáfunni.²² Þar aftan við er án fyrirsagnar klausa, sem í útgáfum kallast „Epilogus partis prioris“. Þessi eftirmáli er prentaður á sama stað í *EMÓ* og leshættir sýna, að hann er örugglega úr *Y*².

¹⁸ *Edda Magnúsar Ólafssonar* (Laufás-Edda). Edited by Anthony Faulkes. Rv. 1979. s. 31 (Two versions of Snorra Edda from the 17th century. I.) (Hér eftir = *EMÓ*.)

¹⁹ *EMÓ*, s. 189.

²⁰ *EMÓ*, s. 321–327.

²¹ *RE*. Introduction. s. 30–31.

²² *EMÓ*, s. 251.

Á bl. 52v er klausa á latínu um Snorra Sturluson, sem er stytt og staðfærð úr formála *RE*.²³ Árni Böðvarsson var latínulærður, eins og áður sagði, og sér þess víða merki í handritinu þar sem latnesk orð eru sett milli lína.

Nú tekur við, bl. 53r–77r: „Annar Partur Eddu um Kiennningar“ og er hann einnig eftir *Y*². Oft er sleppt úr sýnishornum af kveðskap sem settur var til skýringar. Aftast eru „Nockrar fornvijsur“, en þær eru aðeins í *Y*² og Faulkes lét prenta aftan við annað efni úr *Y*-texta Eddu Magnúsar.²⁴ Sannar þetta enn sérstakan skyldleika *Ak* við *Y*-gerð.

Hér eru efnisskil og bl. 77v var upphaflega autt og eru þar nöfnin, sem getið var í upphafi ferils.

Á bl. 78r–82r eru fáeinir kaflar um sama efni, sumt er endurtekning á því, sem nýlega var skrifað, en annað, t. d. heiti á rómverskum guðum, á sér ekki hliðstæðu í Eddum. Upphafið er: „Hier Seiger Fyrst um ætt Odens fra Trojumønnum“. Textinn er úr viðbótinni við formála Eddu, sem aukið er í textann úr *Y*² á bl. 15v–16r hér að framan, en hann er annars ekki í *EMÓ*. Á miðju bl. 82r stendur: „Kiennningar maa finna J Sýdare parte Snorra Eddu. Byriast því partar edur qveþe þessarar Bócar sem epterfilgia.“

Í handritinu ÍB 36 4to stendur aftast með hendi eigandans, Þorsteins Jónssonar í Öndverðarnesi, að þriðji og seinasti hluti þess, *Snorra-Edda*, sé með hendi Árna Böðvarssonar sjálfs og þar er einnig ártalið 1750 með rómverskum tölum. Eðlilega hefur verið farið eftir þessu í handritaskrá. Einnig fylgir Anthony Faulkes þessu í inngangi sínum að Eddu Magnúsar²⁵ og Sverrir Tómasson í útgáfu sinni á *Rútukvæði*.²⁶ Við þetta er það að athuga, að höndin á fyrsta hluta *Snorra-Eddu*, Gylfaginningu, er gjörólík hendi Árna annars staðar og ekki er hægt að hafa fyrir satt, að sá hluti sé skrifaður af Árna. Frekar gæti hönd hans verið á öðrum hluta *Snorra-Eddu*, „um kenningar“. Faulkes fullyrðir á fyrrnefndum stað, að textinn í fyrra hluta handritsins ÍB 36 4to sé eftir *X*³, þ. e. Thott 1494 4to. Aftur á móti sagði hann seinna hlutann vera með annarri hendi og þar ýmislegt, sem aðeins væri í *Y*², þótt textinn væri nokkuð blandaður. Þetta gæti bent til þess, að textinn í seinna hlutanum væri með hendi Árna, en annars var ekki talin ástæða til að rannsaka þetta nánara.

Á eftir *Snorra-Eddu* stendur á bl. 82v: „Þetta ero partar edur Capita Sæmundar Eddu sem epterfylgia“, þ. e. registur yfir Eddukvæði. Í registrinu eru

²³ *RE*. bl. [i3v.]

²⁴ *EMÓ*. s. 403–407, en í *Ak* er aðeins lína 12–91.

²⁵ *EMÓ*. s. 115.

²⁶ Árni Böðvarsson. „Rútukvæði. Birt hefur Sverrir Tómasson.“ *Gripla*. 11 (2000). s. 199.

ekki öll kvæði *Ak*, en ekki sést að neitt kvæði vanti í handritið, sem er í registrinu.

Þegar *Ak* var skrifuð var *Sæmundar-Edda* eða *Eddukvæði* ekki til á prenti, því að heildarútgáfa kom fyrst um 1800. *Völuspá* og *Hávamál* komu út með latneskri þýðingu sem sérpésar 1665, eða sama ár og *RE*, og fylgja þeir gjarnan eintökum hennar. Einnig kom önnur útgáfa á *Völuspá* árið 1673. Bæði kvæðin í útgáfunni frá 1665 fylgdu ljósprentun Faulkes á *RE*. Nokkur hluti úr *Vegtamskviðu* var prentaður 1689 og verður vikið að þeim texta hér síðar. Þess vegna hlýtur texti *Ak* að flestum Eddukvæðum að vera skrifaður upp eftir handritum.

Fremst, bl. 83r–86v, er *Völuspá* og er textinn eftir útgáfunni frá 1665. Aftan við, bl. 86v–90v, er latneska þýðingin á kvæðinu úr sömu útgáfu og hér er því ljóst, að sá texti er kominn úr prentaðri bók.


Strax á eftir fylgja, bl. 91r–106v: „Hávamæl en Gómlu með þeirra Appendice Rúnacapitula Af siálfum Ódne konge ordt og Samsett“. Textinn er ekki úr útgáfunni frá 1665, sem er nokkuð frábrugðinn texta *Konungsbókar*. Aftur á móti er greinilegt að Árni Böðvarsson hefur haft prentaða textann líka þar sem hann setur stundum orð úr latnesku þýðingunni við hlið íslenskra orða. *Hávamál* eru hér nokkurn veginn samhljóða *Konungsbók*, en Árni hefur talið eitthvert handrit hafa betri texta *Hávamála* en prentaða bókina. Aftast er „Rúna Capitule“, seinasti hluti *Hávamála*, einnig eftir einhverju handriti, því að strax í 1. vísu er greindur annar lesháttur úr útgáfunni, og latneskar glósur úr þýðingunni þar eru stundum til hliðar. Um þennan sérstaka texta *Hávamála* er það að segja, að Bugge taldi hann afbakaðan í útgáfu sinni á Eddukvæðum.²⁷ Faulkes áleit hann jafnvel vera sérstaka gerð.²⁸ Heimildir eru um fleiri handrit *Hávamála* og tilvitnanir í þau, áður en *Konungsbók* kom í leitirnar og til er yfirlit um það mál.²⁹ Annars þarfnast textar kvæðisins sérstakrar rannsóknar.

Á eftir *Hávamálum*, bl. 107r–121v, eru goðakvæðin öll með þessum fyrir-sögnum: „Vafþrúðnis Mál“, „Frá Sonøm Hraudungs Konongs“, „Grimnis mál“, „For Scirnis“, „Harbars Lióð“, „Þorr dro Miþgarz orm“, „Fra Egi oc Goðom“, „Lokasenna“, „Prýms Qviða, edur Hamars Heýmt“, „Alvis Mál“. Þar með lýkur goðakvæðum.

²⁷ *Norraen fornkvæði. ... Almindelig kaldet Sæmundar Edda hins fróða*. Udgiven af Sophus Bugge. Chistiania 1867. s. lviii–lx.

²⁸ *RE*. Introduction. s. 87–88.

²⁹ Einar G. Pétursson. *Eddurit Jóns Guðmundssonar lærða*. I. Inngangur. Rv. 1998. s. 430–433.



Upphaf Hávamála á 91r í Akraþók, sjá s. 144. Ljósm. Jóhanna Ólafsdóttir.

Bl. 121v–122v: „Fra Regin oc Sigurdi Fafnisbana“, þ. e. Sigurðarkviða II, en ekki heil.

Bl. 122v–124r: „Brinhyllþar Liood edr heilræde Brinhilldar við Sigurd“. Textinn er eftir *Konungsbók*, og hefst á 5. erindi. Niðurlagið, viðbótin úr pappírshandritum, þ. e. frá 3. vísuorði í 29. erindi til loka, fylgir með breyttri ritendi. Sýnist eins og þessum erindum hafi verið bætt við síðar. Neðst á 123v er endursögn af lausa málinu aftan við Guðrúnarkviðu I.

Bl. 124r–v: „Brinhildr reip Helveg.“ þ. e. Helreið Brynhildar. Lausa málið fremst er fyrir ofan fyrirsögnina.

Bl. 124v–126r: „Guþrunar qviþa“, þ. e. Guðrúnar kviða I. Lausa málið fremst er fyrir ofan fyrirsögnina og niðurlagið er allt, sbr. bl. 123v.

Bl. 126r–v: „Fafnis Mál þetta hefdi átt að skrifast fyrir. Fra Dauda Fáfnis.“ Kvæðið endar hér með „megin“ í 22. erindi, en ekkert hefur týnst úr handritinu.

Bl. 127r–128v: „Hyndlu Liöd hin gömlu.“

Bl. 128v–131v: „Formale að Gietspeke Heidreks Kongs.“ Um þennan texta verður fjallað sérstaklega hér síðar (sjá s. 151–2).

Bl. 131v–132v: „Gröu Liood.“

Bl. 132v: „Vegtams kvida.“ Kvæðið endar óheilt neðst á s. með boðanum „erfitt“ í 5. er. 3. vísuorði. Eitt blað vantar í handritið a. m. k. Um mismunandi texta kvæðisins verður fjallað sérstaklega hér á eftir, sjá s. 149–151.

Bl. 133r–v: [Fjölsvinnsmál.] Kvæðið byrjar í upphafi 14. er. og nær til loka, en í handritið vantar eins og áður sagði.

Bl. 134r–135v: „Grotto Sængr“. Lausamálið framan við kvæðið er hér ekki. Það er með nokkuð öðruvísi skriftarlagi en annað efni í handritinu og hefði getað verið bætt inn síðar, því að það er ekki í efnisyfirlitinu á bl. 82v.

Bl. 136r–137v: „Biargbuaþattur“. Um þennan texta verður fjallað sérstaklega síðar, sjá s. 151.

Bl. 137v–138v: „Kvæde Eigils Skallagrimss Sonar er hann kallði Sonar Torrek.“

Bl. 138v–141r: „Qvædi Eigils Skallag: Sonar Nær han leisti hæfut sitt a Nordymbra lanþi A° 934. Eyrekr Blopæx og hirþ hans heirdi a. (Les Eigels sægo:).“

Bl. 141r–144v: „Ragnars qvida Lodbrocar Skrifud epter Runica Wormi“. Bæði síðastnefndu kvæðin eru skrifuð eftir bók Worms.³⁰

Bl. 145r–v: Vísur úr Hákonar sögu, Orkneyinga sögu og Gautreks sögu.

Bl. 146r: „Is kollum bru breiða“. Síðari hluti af Norska rúnakvæðinu.³¹ Líklegt er, að blað hafi týnst úr handritinu, þar sem upphaf vantar.

Bl. 146r: „Gamallt Alphab.“ Í hægra dálki á sömu síðu.³² Neðan við er rúnastafróf komið frá Worm.³³

Bl. 147v–149v. „Deilur nockrar.“ Upphaf: „Ar er Gumna gaman, gott sumar...“ Þetta er eitthvað skylt því, en þó ekki það sama og Jón Ólafsson úr

³⁰ Worm, Ole. *Runir seu Danica literatura antiqvissima*, Vulgò Gothica dicta ... Cui accessit de priscâ Danorum poesi dissertatio. Kbh. 1636. s. 197–241.

³¹ Sama rit. s. 106–107.

³² Sama rit. s. 46.

³³ Sama rit. s. 54, er fjarskyldara rúnastafrófinu á s. 49.

Grunnavík kallar „Dylgjur“ í upphafi 3. hluta eða bókar „Rúnalogíu“ sinnar.³⁴

Bl. 150r–v: „Þornaddar Þula.“ Nokkuð er skorið ofan af fyrirsögninni. Þulan er það seinasta, sem er upphaflegt í handritinu og hún heitir ekki *Þornaldarpula*, eins og vanalegast er, en hér er komið eitthvert elsta handrit hennar.

Bl. 151r–154v: „Sólar Ljód Sæmundar Prests hins Fróða.“ Textinn hefst í 19. erindi. Þetta er viðbót með yngri hendi, sennilega frá 19. öld.

Svolítið er um viðbætur með hendi frá 19. öld, hagnýt vísindi eins og bl. 52r: „opinbera þiofa ... að Einginn spilli stúlku ...“. Aftar, bl. 149v, er galdra-stafur, en stafinn á að leggja í götu móttstöðumanns honum til slysa. Sumt af þessu er með villuletri.³⁵

Pegar rætt var um feril handritsins var getið nokkurra mannanafna. Einhver eigandi þess hefur viljað gera vel við það og bundið það inn í grænt rexinband og nær það yfir alla bókina. Sennilegast hefur það verið gert eftir að Daníel Kristjánsson eignaðist handritið, þótt það verði nú ekki fullýrt.

Menn geta spurt um gildi þessa handrits. Því er til að svara að gildi þess í leit að upphaflegum texta er örugglega ekkert. Þó verður að skoða þar unga texta *Hávamála*, *Getspeki Heiðreks konungs* og annarra kvæða, sem oft fylgja Eddukvæðum. Aftur á móti hefur handritið nokkurt gildi til að sýna heimildir rímnaskáldsins Árna að fornum kvæðum. Hefði Björn Karel þekkt þetta handrit hefði það hjálpað honum til að gera sér ljósari grein fyrir vinnubrögðum Árna en fram kom í bók hans.

ÓLEYST VERKEFNI VIÐ HANDRIT EDDANNA

Athugun á heimildum *Ak* kennir okkur, að menn notuðu ekki alltaf prentaðar bækur, þótt til væru, því að útbreiðsla handrita var mikil og þau voru notuð fremur en prent. Textar hljóta alltaf að hafa dreifst á líkan hátt óháð prenti svo lengi sem menn æxluðu sér bækur með penna.

Þetta leiðir hugann að því, að þótt Anthony Faulkes hafi rannsakað handrit *EMÓ* og *RE*, þá hafa pappírshandrit annarra gerða *Snorra-Eddu* aldrei verið rannsökuð. Finnur Jónsson lauk við III. bindið af Edduútgáfu Árnaneðndar og sagði í bréfi til föður síns 12. júní 1886: „Handritálýsingin er komin að pappírskógunum en þær fer jeg fljótt ífir.“³⁶ Við þetta situr að mestu enn þann dag

³⁴ Sjá AM 413 fol s. 129 o. áfr., sbr. einnig Lbs 243 4to.

³⁵ Hallgrímur Ámundason aðstoðaði við lestur þess.

³⁶ ÍB 95 fol.

í dag. Þó er að geta að í *Samantektum um skilning á Eddu* skrifaði Jón Guðmundsson lærði upp handrit *Snorra-Eddu* að hluta til, en það er nú glatað. Fyrir útgáfuna í *Edduritunum* kannaði ég ekki hvort sami Eddutexti gæti leynst víðar. Þetta dæmi sýnir að nauðsynlegt er að kanna pappírshandrit *Snorra-Eddu* og ganga úr skugga um hvort þar gætu leynst textar úr gömlum og glötuðum skinnhandritum.

Hægt væri að láta sér detta í hug, að Eddukvæðin í *Ak* væru uppskrift af handriti, sem síra Jón Halldórsson í Hítardal skrifaði upp eftir

þvi Exemplari in folio sem Assessor Arne Magnusson med eigin hendi hefur skrifad ä papÿr i Kaupenhafn effter sialfre Membrana, og henne effterfylgt sem hann hefur nærst komest.

Handritið er Lbs 214 4to og framanrituð klausa er þar aftan við *Hamðismál*. Þar sagði Jón Halldórsson einnig, að hann hafi lokið við að skrifa í Hítardal 9. sept. 1723. Í bréfi Árna Magnússonar til Jóns Halldórssonar í Hítardal 22. júní 1729 talaði Árni um Eddu sem hann hafði áður lánað honum.³⁷ Líklegast er 214 uppskrift Jóns í Hítardal eftir Edduhandriti Árna, sem brann 1728. Ekki getur verið að Árni Böðvarsson hafi skrifað kvæðin úr *Konungsbók* eftir þessu handriti séra Jóns, því að vart hefði hann sleppt úr goðakvæðunum. Meðal hetjukvæðanna í *Ak* eru einnig *Sigurdrífumál* og þar er einnig niðurlag þeirra úr pappírshandritum, sem eðlilega er ekki í handriti Jóns í Hítardal. Aftan við Eddukvæðin í 214 eru m. a.: *Gullkársljóð*, *Hyndluljóð*, *Bjargbúabáttur* og fleiri kvæði sem oft fylgja *Konungsbók* og eru mörg þeirra ekki í *Ak*. Hér eru með öðrum orðum mörg kvæði, sem oft eru með Eddukvæðum í handritum, en einnig kvæði, sem vanalega fylgja þeim ekki. Þessi seinni partur handritsins er með hendi Vigfúsar, sonar séra Jóns í Hítardal, sem var uppi á árunum 1706 til 1776. Þessum hluta handritsins 214 hefði síðar getað verið bætt aftan við handrit Jóns í Hítardal og þar eru textar skyldir textum *Ak*, þótt ekki þurfi þeir að hafa verið skrifaðir beint eftir því heldur gæti verið um systurhandrit að ræða. Sterk rök gegn því, að *Ak* sé skrifuð eftir 214, eru að miklu fleiri kvæði eru 214 en í *Ak*.

Ak var skrifuð á 5. tug 18. aldar, en seinna hefði Árni Böðvarsson getað skrifað upp Lbs 214 4to, því að í NKS 1108 fol í Konunglega bókasafninu í

³⁷ Árni Magnússon. "Bréf Árna Magnússonar til Íslands 1729 og fleiri skjöl hans í Ríkisskjalasafni Dana. »Rigsarkivet, Privatarbiver nr. 1299«. Birt hefur Jón Margeirsson." *Opuscula*. V. Kbh. 1975. s. 147 (Bibl. Arn. XXXI.)

Höfn eru Eddukvæði skrifuð af Árna Böðvarssyni eftir „Bibliotheca Hytardalensi 1769“. Það handrit er greinilega „útflutningsvara“, skrifað eftir pöntun því að það er fagurlega skrifað og hvert vísuorð er sér í línu. Pappír hefur ekki verið sparaður og skildar eru eftir auðar síður, svo að kvæði geti hafist á hægri síðu. Jón Helgason hefur dregið fram heimildir um, að 1108 hafi verið í eigu Frederik Christian Sevel (1723–78) og verið selt á uppboði eftir hann 22. jan. 1781, en síðar hefði handritið lent hjá Suhm.³⁸ Hægt væri að láta sér detta í hug, að handritið hefði verið pantað sérstaklega frá Íslandi, hugsanlega frá séra Jóni Halldórssyni í Hítardal eða Árna Böðvarssyni sjálfum.

Auðséð er af spássúgreinum í 214, sem einnig eru í 1108 að textinn þar hlýtur að vera uppskrift á 214. Í *Hávamálum* fundust þrjú dæmi (erindatölur eru úr útgáfu Bugges): 31.1, 70.3 og 139.6. Einnig er sama spássúgrein í báðum handritunum í 22.5 í *Hamðismálum*. Nægir þetta til að sýna, að 1108 er uppskrift af 214. Næst og undir lok handritsins eru eftirtalin kvæði í 1108: „Vegtams Qvida“, „Fiølsvins Mæl“, „Hindlu Liop“, „Grou Galldr Er hon Syni synom gól apr enn þat Opinn J Helio hvarf oc hon var dæp“, „Solar Liop“, „Hrafna Galldr Opins Forspialls Liop“, „Fræ Fenio oc Menio“ [þ. e. *Grottasöngur*], „Fornmæli at Getspeki Heiþrecc Konongs“. Hér eru tvö kvæði, sem ekki eru í 214, þ. e. *Hrafnagaldur Óðins* og *Grottasöngur*. Aftur á móti eru í síðara hluta af 214 mörg kvæði, sem ekki eru í 1108, eins og áður var getið.

Í inngangi sínum að *Brávallarímum* nefndi Björn Karel, að í kvæðinu *Álfamál* hefði Árni Böðvarsson notað *Vegtamskviðu* (Baldurs drauma) og haft (s. c): „þann texta þess eddukvæðis, sem prentaður er í bók Bartholins, *Antiquitatum Dancicarum* [sic] *de causis contemptæ a Danis adhoc gentilibus mortis libri tres*“. Sú bók kom út 1689 og að henni vann Árni Magnússon. Svo er að skilja orð Björns að Árni hafi ort kvæðið um tvítugt, þ. e. áður en hann skrifaði *Ak*.

Vegtamskviða er ekki í *Konungsbók Eddukvæða*, en er í Eddukvæðahandritinu AM 748 4to, og pappírshandritum. Texti kvæðisins er í ungum handritum lengri en í skinnbókinni og að auki nokkur orðamunur. Ekki hafa menn rannsakað þá gerð svo mér sé kunnugt síðan Bugge 1867. Hann taldi texta pappírshandritanna hafa verið lengdan jafnvel af sama manni og orti *Forspjallsljóð* eða *Hrafnagaldur Óðins* og: „høist sandsynligt, at Forspjallsljóð er digtet sent i Middelalderen som Indledningsdigt til den ældgamle Veg-

³⁸ Jón Helgason. “Sevels islandske håndskrifter.” *Opuscula*. IV. Kbh. 1970. s. 108–109 og 118 (Bibl. Arn. XXX.)

tamskviða:³⁹ Þetta sýnir að þeir sem rannsaka *Hrafnagaldur Óðins* hljóta að þurfa að skoða þetta kvæði einnig. Rannsókn á handritum kvæðanna gæti hugsanlega leitt eitthvað í ljós um upphaf þeirra og feril. Ef tilgáta Bugges væri rétt, ættu kvæðin gjarnan að fylgjast að í handritum. Í *Ak* hefur *Hrafnagaldur* a. m. k. ekki verið á undan *Vegtamskviðu*, en ekki er lengur hægt að segja til um hvort hann hefur verið á eftir henni í *Ak*, því að niðurlag vantar af *Vegtamskviðu* og næsta kvæði á eftir hefst í miðju kafi, eins og áður sagði.

Í *Vegtamskviðu* í *Antiquitates* vantar upphaf og nokkrar vísur, sem aukið var inn í kvæðið í pappírshandritum, en þó er þar sumt af viðbótum þaðan, svo að ljóst er að textinn er ekki beint úr skinnbókinni AM 748 4to. Hún var þá á Íslandi, en Árni fékk hana 1691. Ef texti *Vegtamskviðu* í *Ak* er borinn saman við handritin 214 og 1108, sést, að allir textarnir eru náskyldir. Handritin 214 og *Ak* fara oft saman um leshætti móti 1108, sem sannar að texti *Vegtamskviðu* í 1108 getur ekki verið uppskrift af 214, þótt það handrit hafi verið forrit 1108 að kvæðunum úr *Konungsbók*.

Sem dæmi má nefna (orð framan við] er lesháttur úr útgáfu Bugges, bókstafirnir a og b er tölusetning á aukavísum í *Vegtamskviðu*, M eru leshættir úr *Antiquitates*): 1.a.1 hapti] 1108, hafi 214, *Ak*. *Hér er texti 1108 augljóslega réttari en í 214 og Ak*. 1.b.6 Sváfni] 1108, svafinn 214, *Ak*. 3.6 folld-] M, 1108, fölk- 214, *Ak*. 4.5 vittvgri] M, 1108, vitugur 214, *Ak*.

Af þessum dæmum er ljóst, að 1108 stendur nær textunum, sem Bugge notaði og textanum í *Antiquitates*, heldur en textunum í 214 og *Ak*.

Hugsanlegt er að um tvo flokka handrita *Vegtamskviðu* geti verið að ræða, sem þó eru ekki runnir beint frá skinnbókinni. Þetta þyrfti allt að rannsaka betur en hér er ástæða til. Að auki er nú rétt að nefna, að til eru skýringar á *Vegtamskviðu* og hef ég skoðað handritin Thott 1499 4to og Lbs 349 4to. Þar er texti kviðunnar lengri en í gömlu skinnbókinni. Við lauslega athugun virtist mér textinn eitthvað vera skyldur textanum í *Antiquitates*. Ekkert er mér nú kunnugt um uppruna eða höfund þessara skýringa. Í viðbót Þorsteins Péturssonar við *Recensus* eftir Pál Vídalín eru nefndar skýringar á *Vegtamskviðu* eftir Eyjólf Jónsson á Völlum (1670–1745).⁴⁰ Þær eru varðveittar í ÍBR 120 8vo, en eru alveg óskyldar fyrnefndum skýringum. Alls ekkert er vitað

³⁹ *Norraen fornkvæði*. ... Udgiven af Sophus Bugge. Chistiania 1867. s. 140.

⁴⁰ Páll Vídalín. *Recensus poetarum et scriptorum Islandorum hujus et superioris seculi*. Viðauki séra Þorsteins Péturssonar. I. Texti. Jón Samsonarson bjó til prentunar. Rv. 1985. s. 180.

um uppruna skýringanna á *Vegtamskviðu*. Hafi Brynjólfur Sveinsson biskup átt AM 748 4to, handrit Eddukvæða, þá hefði hann getað látið semja skýringar við *Vegtamskviðu*, en í skýringunum er lengri texti kvæðisins. Brynjólfur biskup hafði mjög góðan skilning á gildi texta, sem sést t. d. glögglega af því að hann lét Jón Erlendsson í Villingaholti skrifa tvisvar upp *Íslendingabók*. Hafi skýringar við *Vegtamskviðu* verið samdar fyrir tilstilli Brynjólfs Sveinssonar, hefur hann talið lengri texta hennar góðan og gamlan, en allt þarfnast þetta rannsókna.

Í *Ak* er „Biargbuaþattur“, þ. e. skýringar á vísum í *Bergbúaþætti*. Þátturinn er prentaður í *Íslenzkum fornritum* XIII. Skýringarnar eru víða til í handritum og eignaðar Einari Eyjólfsyni og gat Páll Vídalín um þær í bókmenntasögu sinni.⁴¹ Ég hef skoðað handritin Thott 1500 4to og BL 11.173, en þar er textinn lengri en í *Ak*, en í 214 er texti þessara skýringa mjög svipaður og í *Ak*, þótt orðamunur sé nokkur. Einar Eyjólfsson var uppi á árunum (um 1641–1695), svo að hæpið er að hann hafi samið skýringarnar fyrir Brynjólf Sveinsson, en aftur á móti aðstoðaði hann Þórð biskup Þorláksson við útgáfuna á *Ólafs sögu Tryggvasonar* 1689. Eftir Einar eru einnig til skýringar á *Vafþrúðnismálum*, sem varðveittar eru í nokkrum handritum.⁴² Þá er aftur spurningin: Samdi Einar skýringar fyrir Brynjólf biskup eða Þórð biskup?

Rétt er loks að geta að í *Ak* er *Getspeki Heiðreks kunungs*, þ. e. gátur Gestumblinda, í nokkuð annarri gerð en í *Heiðreks sögu*. Jón Helgason fjallaði um þá gerð í inngangi að útgáfu sinni 1924, sagði hann þessa umritun frá 17. öld og taldi upp handrit.⁴³ Það væri vel þess virði að kanna stælingar á Eddukvæðum frá 17. öld og jafnvel eldri. Hér er einnig rétt að nefna, að til eru skýringar á gátum Gestumblinda eftir Björn Jónsson á Skarðsá, en þær er hægt að setja í samband við bréf Sveins á Barði til Ole Worm 1641.⁴⁴ Ekki verður farið nánar út í þetta, en spurningin vaknar: Eru tengsl á milli þessarar sérstöku gerðar af *Heiðreks gátum* og skýringa Björns á Skarðsá á þeim? Hólamenn hafa örugglega fengið Björn til að semja skýringarnar. Hér má nefna, að í handritinu AM 203 fol, sem er með hendi séra Jóns Erlendssonar í Villingaholti, eru þessar skýringar Björns á Skarðsá, sem hljóta að vera komnar að norðan og sanna samband milli fræðasetranna á Hólum og í Skálholti. Allar

⁴¹ Sama rit. s. 19.

⁴² Einar G. Pétursson. *Eddurit Jóns Guðmundssonar lærða*. I. Inngangur. Rv. 1998. s. 433.

⁴³ *Heiðreks saga. Hervarar saga ok Heiðreks konungs*. Udgived ... ved Jón Helgason. Kbh. 1924. s. xlvii–xlviii.

⁴⁴ Sama rit. s. xiii–xvi.

kvæðaskýringar, sem hér hafa verið nefndar þarfnast nákvæmra rannsókna, sem oft gætu reynst tímafrekar og flóknar eins og dæmin sanna. Hver sem niðurstaðan verður úr þeim rannsóknum, er það víst, að þær varpa einhverju nýju ljósi á fornfræðastarfsemi á Íslandi á 17. öld.

Lokaorðin hér verða sama spurningin og ég hafði lokaorð í bókinni *Eddurit Jóns lærða*: „... er einhver von til að hægt verði að finna eitthvað meira sem gæti bent til annarra handrita Eddukvæða en *Konungsbókar*?“

SUMMARY

‘The Book of Akrr. A MS written by Árni Böðvarsson.’

Keywords: Manuscript studies / Árni Böðvarsson (18th-century poet and scribe)/ paper copies of Snorra Edda / manuscript research on some eddic poems.

In the spring of 2003 the Árni Magnússon Institute received as a gift from Örn Arnar, medical doctor in the United States, an 18th-century manuscript which the Institute had got in Israel. The manuscript is in the hand of Árni Böðvarsson of Akrr in the Mýrar district. It is known that this manuscript was in the western part of Iceland during the early 19th century, and on the west coast of the United States at the end of that century. The article gives an account of the scribe, a prolific *rímur*-poet who was the first such poet to have these secular poems issued in print. The article then gives a detailed description of the contents of the manuscript, which include the *Snorra Edda* in the version of Magnús Ólafsson of Laufás, lays from the Poetic Edda — together with other eddic poems — and some smaller items.

Einar G. Pétursson
Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum
Háskóla Íslands
Árargarði við Suðurgötu
IS-101 Reykjavík, Ísland
egp@hi.is